

# **ÞÝSK 1AA05 (A1)\* Enginn undanfari.**

## **Lýsing**

Ætlað byrjendum sem ekki hafa neina kunnáttu í tungumálinu. Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins: Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptapáttunum tali, hlustun og ritun. Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfna grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu þýskumælandi landa.

## **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

almennum grunnorðaforða  
framburði, áherslum og hljómfalli  
grunnatriðum málfræðinnar / málkerfisins  
menningu spænskumælandi landa

## **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

skilja talað mál þegar talað er hægt og skýrt  
fylgja fyrirmælum kennara  
þekkja algengustu kveðjur og ávörp  
skilja stutta texta með einföldum orðaforða, sem tengist honum, umhverfi hans og áhugamálum  
taka þátt í einföldum samræðum  
segja frá fjölskyldu sinni og sjálfum sér, nánasta umhverfi og daglegum athöfnum  
skrifa stuttan texta  
beita helstu málfræðireglum  
vinna sjálfstætt og með öðrum

## **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

greina upplýsingar sem hann heyrir eða les  
tjá sig um tiltekin málefni eða taka þátt í einföldum samræðum  
tjá sig á viðeigandi hátt eftir aðstæðum, t.d. með því að nota þérur eða viðeigandi kurteisisávörp  
koma einhverju tilteknu á framfæri skriflega, t.d. upplýsingum á eyðublöð eða að skrifa póstkort

## **Námsmat**

Annareinkunn gildir 50% á móti lokaprófi sem gildir 50%. Inn í annareinkunn reiknast ýmis verkefni, hlutapróf, munnleg próf og hlustunarpróf sem tekin eru jafnt yfir önnina.

\*<https://europass.cedefop.europa.eu/is/resources/european-language-levels-cefr>